



BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson

3.bréf 2013

nóvember

Fundir vegna sauðfjársæðinga 2013

Fundir vegna sauðfjársæðinga 2013 verða haldnir sem hér segir:

Miðvikudaginn	20. nóv.	Laxárbakka, Leirársveit kl. 20.30
Fimmtudaginn	21. nóv.	Valfelli, kl. 20.30
Föstudaginn	22. nóv.	Holti í Önundarfirði kl. 13.00
Föstudaginn	22. nóv.	Grunnskólanum Reykhólum –
Mánudaginn	25. nóv.	Breiðablik, Snæfellsnesi kl. 20.30
Mánudaginn	25. nóv.	Dalabúð, Búðardal kl. 20.30
Miðvikudaginn	27. nóv.	Birkimel, Barðaströnd kl. 13.00

Dagskrá: Skipulag sæðinganna, gjaldskrá, hrútakosturinn, kynbótastarfið í sauðfjárrækt o.fl.
Frummælendur: Sauðfjárræktarráðunautar RML.

Hrútaskrá verður dreift á kynningarfundum og/eða send til félagsmanna sauðfjárræktarféлага og til þeirra sem þess óska. Einnig má nálgast skrána á heimasíðu Búnaðarsamtaka Vesturlands www.buvest.is og heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins www.rml.is

Gjaldskrá vegna sauðfjársæðinga 2013

Gjaldskrá fyrir sæði: Aldrei er rukkað fyrir minna en 70% af pöntuðu sæði. Verð á hverjum skammti er eftirfarandi án vsk:

- 1 – 50 sæddar ær 685 kr./skammturinn
- 51 – 100 sæddar ær 620 kr./skammturinn
- Til bænda og fjárræktarféлага. Lágmarksfjöldi sæddra áa er 101, enda sé pöntun, afhending og innheimta í einu lagi 580 kr./skammturinn
- Til búnaðarsambanda og leiðbeiningamiðstöðva 550 kr./skammturinn

Hrútar á Sauðfjársæðingastöð Vesturlands 2013 – 2014

Hyrndir hrútar:

Guffi	08-869	frá Garði, Þistilfirði
Þróttur	08-871	frá Fremri-Hlíð, Vopnafirði
Ás	09-877	frá Skriðu, Hörgárdal
Gumi	09-880	frá Borgarfelli, Skaftártungu
Guðni	09-902	frá Mýrum 2, Hrutafirði
Snævar	10-875	frá Hesti, Borgarfirði
Stakkur	10-883	frá Kirkjubóli, Dýrafirði
Grámann	10-884	frá Bergsstöðum, Vatnsnesi
Kári	10-904	frá Ásgarði, Hvammssveit
Salamon	10-906	frá Hömrum, Grundarfirði
Garri	11-908	frá Stóra-Vatnshorni, Haukadal
Þorsti	11-910	frá Múlakoti, Lundarreykjardal
Bursti	12-912	frá Hesti, Borgarfirði
Vetur	12-914	frá Hesti, Borgarfirði

Kollóttir hrútar:

Brjánn	08-856	frá Melum 1, Árneshreppi
Sigurfari	09-860	frá Smáhömrum, Steingrímsfirði
Dalur	09-861	frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi
Baugur	10-889	frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum
Kroppur	10-890	frá Bæ, Árneshreppi
Roði	10-897	frá Melum 1, Árneshreppi
Rosi	11-899	frá Gautsdal, Reykhólasveit

Forystuhrútur:

Flórgoði	11-886	frá Hafrafellstungu, Öxarfirði
----------	--------	--------------------------------

Námskeið í sauðfjársæðingum

Sauðfjársæðinganámskeið verður haldið að Hesti í Borgarfirði fimmtudaginn 28. nóvember nk. og hefst kl. 13.00. Skráning fer fram hjá LbhÍ í síðasta lagi 23. nóv. í síma 433-5000/433-5033 og/eða á www.lbhi.is/namskeid

Sauðfjársæðingar 2013

Pantanir á sæði og óskir um notkun einstakra hrúta verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 14.00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Hægt er að skrá pöntun í pöntunarform sem aðgengilegt er á www.buvest.is einnig er hægt að panta í síma 437-1215 eða senda pöntun á netfangið bv@bondi.is. Almennt skal miða við að lágmarks afgreiðsla frá stöðinni sé sæði í 5 ær eða 1 strá.

Undantekning frá þessu er afgreiðsla á sæði úr forystuhrút. Um annað þarf að semja sérstaklega. Nauðsynlegt er að nefna a.m.k. einn hrút til vara.


Ef séð verður að nýting verður léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það í síma 437-1215 eða í gegnum tölvupóst á netfangið bv@bondi.is fyrir kl. 9.00 að morgni sæðingadags svo sæðið geti nýst öðrum. – AHT ! Aðeins í tölvupósti um helgar.

Útsendingar á sæði frá stöðinni verða í alls 19 daga og munu byrja 1. desember og standa til 21. desember, þó ekki sunnudagana 8. og 15. desember. Æskilegt er að frjálsir dagar verði vel nýttir til að jafna álag sem vill verða frá um 8. til 17. desember. Miklar líkur eru á að á frjálsum dögum geti bændur fengið sæði úr "óska" hrútunum

Reiknað er með að bændur sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra enda hafi viðkomandi sótt námskeið um sauðfjársæðingar. Jafnframt er hægt að leita til forsvarsmanna fjárræktarfélaganna um ábendingar um mögulega sæðingamenn.

Dreifing sæðis verður með svipuðum hætti og á síðasta ári og verða ferðir frjótækna í nautgripasæðingum notaðar eftir því sem hægt verður hverju sinni.

- Afgreiðsla á sæði verður á Hrutastöð milli kl. 10.30 og 12.00, eftir þann tíma verða farið með alla sæðisbrúsa á Olís í Borgarnesi, nema um annað sé samið við pöntun. Tónum brúsum skal einnig skila á Olís en þar verður merktur kassi sérstaklega fyrir brúsana.
- Sunnan Hvalfjarðar verða auk ferða frjótækna nýttar ferðir til Reykjavíkur samhliða flugsendingum.
- Á Snæfellsnesi verða sæðisbrúsar skildir eftir á Vegamótum og Haukatungu hjá Ásbirni.
- Sæðisbrúsar sem fara í Dalína og í A-Barð verða skildir eftir í merktum kössum annarsvegar í Samkaupum í Búðardal og hinsvegar á Stórholti í Saurbæ. Tónum brúsum skal skila á sömu staði.
- Dreifing sæðis í Ísafjarðarsýslur og V-Barðastrandarsýslu er með flugi, Baldri eða öðrum tryggum hætti eftir því sem veður leyfir.



Skráningar í fjárvís

Upplýsingar um sæddar ær hjá notendum fjarvis.is skulu skráðar þar, helst samdægurs. Skrá þarf allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ekki. Árangur úr sæðingunum gefur mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Skráningarferli er eftirfarandi:

- a. Skráið ykkur inn á www.fjarvis.is.
- b. Veljið <Skrá sæðingu> í valröndinni vinstra megin.
- c. Skráið kennitölu sæðingamanns, sæðingardagsetningu, hvort ærnar voru samstilltar eða ósamstilltar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.



Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar sendi tölvupóst til BV og staðfesti fjölda skráninga þegar þeim er lokið. Ef sæddar ær eru fleiri en skráðar þarf að taka það fram. Þetta getur átt við ef lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer eru sæddar.

Þeir sem nota áfram sæðingadagbækur geta pantað þær hjá BV samhliða fyrstu sæðispöntun og sent blað úr þeim til uppgjors og skráningar hjá BV að afloknum sæðingum. Jafnframt er hægt að skrá sæðingarnar í töflu sem er aðgengileg á heimasíðu BV, www.buvest.is Taflan sendist síðan í tölvupósti sem viðhengi á bv@bondi.is

Skráðar upplýsingar um fjölda sæðra áa eru notaðar við innheimtu sæðingagjalda nema annað sé tekið fram.

Ef framangreindar skráningar og skýrslur um sæðingar hafa ekki skilað sér í síðasta lagi 31.12.2013 reiknast 10 % álag á sæðingagjöldin.



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Bændafundur á Vesturlandi og Vestfjörðum

Nú standa fyrir dyrum bændafundir Bændasamtakanna sem haldnir eru síðla hausts. Í ár munu nokkrir gestafyrirlesarar slást í för með stjórnarmönnum samtakanna og fjalla um margvísleg málefni tengd landbúnaðinum

Fundarformið er með þeim hætti að forystumenn úr stjórn Bændasamtakanna halda inngangserindi en síðan verða tekin fyrir ákveðin mál sem heimamenn hafa óskað eftir að sett verði á dagskrá. Þá verða umræður og skipst á skoðunum um fundarefnið.

Á hádegisfundum er boðið upp á súpu og brauð.

miðvikud.	20.nóv Borgarnes	Hótel Hamar	12:00	Fjármögnun í landbúnaði
fimmtud.	21.nóv Ísafjörður	Hótel Ísafjörður	12:00	Eignarhald á bújörðum

Dagskipulag sauðfjársæðinga 2013

A = aðaldagar (forgangur að hrútum).

f = frjalsir dagar, valkostur fyrir alla sem sæða á eigin vegum og sækja sjálfir á stöð eða eftir samkomulagi.

Svæði																					
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
Gullbringu- og Kjósarsýsla	f	f				A															
Mýra- og Borgarfj.sýslur																					
Sunnan Skarðsheiðar	f	f				A															
Skorradalur og Andakill	f	f				A															
Lundarreykjadalur	f	f			A																
Reykholtsdalur + Hálsasveit	f	f				A															
Hvítársíða	f	f			A																
Stafholtstungur og Þverárhlið	f	f			A																
Borgarhreppur og Álfaneshr.	f	f					A														
Norðurárdalur og Hraunhr.	f	f		A																	
Snæfellsnes																					
Kolbeinsstaðarhr. og Eyjahr.	f	f										A									
Miklaholtshr. Staðarsv. og Breiða	f	f							A												
Eyrarsveit Fróðaárhr./Neshr.	f	f		A																	
Helgafellssveit og Stykkishólmur	f	f									A										
Dalasýsla																					
Hörðudalur, Skógarströnd	f	f								A											
Miðdalir og Haukadalur	f	f			A																
Laxárd.,Hvammssv. og Fellsströ	f	f				A															
Skarðsströnd og Saurbær	f	f							A												
A- og V-Barðastrandarsýslur																					
Austur-Barðastrandarsýsla	f	f							A												
Vestur-Barðastrandarsýsla	f	f															A				
V- og N-Ísafjarðarsýslur																					
Vestur-Ísafjarðarsýsla	f	f																			
Norður-Ísafjarðarsýsla	f	f																			
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
Önnur svæði	S	M	Þ	M	Fi	Fö	L		M	Þ	M	Fi	Fö	L		M	Þ	M	Fi	Fö	L
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
Strandir, V-Hún., A-Hún.	f	x	x	x					x	x	x					x	x	x			
Skagafjörður	f	f			x						x	x							x		
Eyjafj., S-Þing., N-Þing.	f	f	f	f	x	x	x		x	x			x	x					x	x	x
Austurland	f	f			x	x	x					x	x	x				x	x	x	

Minnispunktur til að ná sem bestum árangri í sauðfjársæðingum

- Að tímasetning sæðinganna sé rétt, þ.e. að sætt sé eins nálægt egglosinu og mögulegt er.
- Að ærnar hafi veður af hrútunum.
- Að sætt sé við eins rólegar aðstæður og hægt er.

Hvernig á að tímasetja sæðinguna rétt

- Ær eru blæsma í ca. 48 klst.
- Það er vitað að egglosið verður 30-36 klst eftir að blæsmið byrjar.
- Eggið lifir í 4-8 klst.
- Sæðið lifir í 12 til 18 klst, sæðisfrumur eru komnar upp í eggjaleiðara eftir nokkrar mínútur og skammtast úr leghálsinum í allt að 18 klst.
- Ef ærnar eru sæddar í upphafi beiðslis er hætt við að sæðið sé orðið líflítið við egglos og árangur verði því slakur.
- Ef ærnar eru sæddar í lok beiðslis er viss hætt á að eggið nái ekki að frjóvgast.

Það hefur sýnt sig að þeir bændur sem eyða góðum tíma í að leita að blæsmum ná góðum árangri í sæðingum.

Ferskt sæði er yfirleitt afhent frá sæðingastöðvunum í 10 °C og er það skráð á brúsamiðann. Ef sæða á seinni part dagsins er rétt að kæla sæðið niður í 5 °C eftir kl. 13.00 og geyma það þannig. Fordast skal allar hitasveiflur en þær geta drepit sæðisfrumurnar.

Þær ær sem á að sæða þarf að vera búit að taka frá, svo sæðing taki sem minnstan tíma. Miðað er við 5 skammta í strái og ef mjög heitt er, eða frost í húsum, getur sæðið í síðustu ána orðið fyrir miklum hitabreytingum ef langan tíma tekur að sæða.

Skoda skal brúsamiðann áður en hafist er handa til að vita tappalit og lit á því strái sem á að nota, svo ekki þurfi að hafa brúsann opinn lengi ef fleiri strá eru í brúsanum. Gott er að velta stráunum rólega við þegar þau eru tekin upp úr glasinu þar sem sáðfrumurnar geta sest til í stráinu. Lesið alltaf á stráið til að vera fullviss um, að um réttan hrút sé að ræða.

Gott er að hafa ærnar í kró sem er nálægt hrútunum svo ærnar hafi virkilegt veður af þeim, það eykur hormónastarfsemina. Styggð, hræðsla og stress hefur mjög neikvæð áhrif á árangur sæðinganna.

Í Hrútaskránni eru góðar leiðbeiningar um sæðingar og er bændum bent á að lesa þær vel.

Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða

Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða á starfssvæði Búnaðarsamtaka Vesturlands eru á eftirtöldum stöðum:

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6.	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6.
Borgarnes	Magnús Kristjánsson	434-1205	KB. Búrekstrardeild s. 430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Görðum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarf.
Búðardalur	Áfangi ehf	892-3314	KM þjónustan Búðardal
Saurbær	Áfangi ehf	892-3314	KM þjónustan Búðardal
Króksfjarðarnes	Áfangi ehf	892-3314	KM þjónustan Búðardal
Barðaströnd	Barði Sveinsson /Nanna	456-2019	Barða Sveinssyni, Innri-Múla
Þingeyri	Akstur og löndun ehf.	897-6733	Neðri-Hjarðardalur s. 456-8137
Flateyri	Akstur og löndun ehf.	897-6733	Akstur og löndun ehf.
Ísafjarðardjúp	Akstur og löndun ehf.	897-6733	Akstur og löndun ehf.

Skil á forðagæsluskýrslum haustið 2013

Opnað hefur verið fyrir skil á forðagæsluskýrslum á www.bustofn.is og munu þeir búfjáreigendur sem skiluðu rafrænt í fyrra og gáfu upp netfang fá áminningu um að skila.

Þeir sem **ekki** afþökkuðu forðagæsluskýrslu á pappír í fyrra og halda búfé hafa fengið senda forðagæsluskýrslu í pósti ásamt bréfi frá matvælastofnun.

- Skilafrestur til að skila forðagæsluskýrslu er 20. nóvember nk. Þeir sem kjósa að skila á pappír sendi skýrsluna til viðkomandi búfjárefartilitsmanns. Búfjáreigendur í Vesturbyggð, Tálknafirði, Reykhólahreppi, Dalabyggð, á Snæfellsnesi, í Borgarbyggð, Skorradal, Hvalfjarðarsveit og á Akranesi sendi skýrslur til skrifstofu Búnaðarsamtaka Vesturlands, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.



Búfjáreigendur eru hvattir til að nýta sér forðagæslukerfið www.bustofn.is en þar er hægt að skrá forðagæsluskýrsluna rafrænt.

Búfjáreigendur eru hvattir til að skila forðagæsluskýrslunum sem fyrst

Nánari upplýsingar og/eða aðstoð við skil á rafrænum forðagæsluskýrslum er hægt að fá á skrifstofu BV í síma 437-1215 eða í gegnum tölvupóst á netfangið bv@bondi.is

Nýr starfsmaður MAST á Vesturlandi og Vestfjörðum

Matvælastofnun hefur ráðið sérfræðinga vegna eftirlits með velferð og aðbúnaði dýra, Guðlaugur Antonsson hefur verið ráðinn á svæði Vesturlands og Vestfjarða og mun hefja störf um áramót. Með nýjum lögum um velferð dýra og búfjárhald sem taka gildi um næstu áramót flyst m.a. búfjárefartilitið frá sveitarfélögum til Matvælastofnunar.

Starfsemi á skrifstofu BV um jól og áramót

Skrifstofa Búnaðarsamtaka Vesturlands verður lokað eftirfarandi daga:

24. desember – Aðfangadagur

31. desember – Gamlársdagur

Aðra virka daga verður viðvera á skrifstofunni.

Þá daga sem lokað er á skrifstofu verður hægt að ná í Guðmund Sigurðsson framkvæmdastjóra í síma 892-0659 hafi menn **brýnt** erindi.

Nautgripasæðingar um jól og áramót

Vinna við nautgripasæðingar verður sem hér segir:

25. desember - Jóladaður - LOKAÐ.

1. janúar - Nýársdagur LOKAÐ.

Aðra daga er opið samkvæmt venju.

Búhagur ehf.

Járnsmiðja

Skarði, Lundarreykjardal

Smíðum flest sem ykkur dettur í hug:

- Pípuhlið
- Gjafagrindur
- Innréttingar
- Hringgerði
- Brennimörk
- Kerrur
- Vagna
- Skúlpúra
- Skrautmuni

Upplýsingar í síma:

892-1391 Árni

691-7036 Valdi